



## Félagsfundur hestamannafélagsins Fáks í félagsheimili Fáks 16. nóvember 2023 klukkan 17:00.

**Mættir fyrir hönd stjórnar:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Íva Rut Viðarsdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

**Fjöldi félagsmanna sem mættir:** 125 manns.

### 1. Setning fundar

Formaður býður félagsmenn velkomna á fundinn. Formaður leggur til að Sigurbjörn Bárðarson verði fundarstjóri og Einar Gíslason fundarritari. Fundurinn samþykkir það.

### 2. Lögmæti fundarinn.

Fundarstjóri kannar lögmæti fundarinn og var hann löglega boðaður.

### 3. Afnotasamningur um land utan lóðaleigusamninga í Víðidal.

Fundarstjóri býður formanni að kynna afnotasamninginn. Formaður kynnir á skjá forsögu þessa afnotasamnings og sýnir félagsmönnum á mynd umrætt svæði og fyrirhugað húsbílastæði.

Glærुकyning er í viðauka 1 með þessari fundargerð.

Þormóður Skorri fer í grófum dráttum yfir samningsdrögin. Þá nefnir hann að stjórn sé ekki heimilt á þessu stigi málsins að birta samninginn í heild því hann hefur ekki verið formlega samþykktur hjá Reykjavíkurborg.

Guðrún Sýlvía Pétursdóttir fer aðeins yfir hestamenskuna á svæðinu. Hún hefur áhyggjur af lausamunum sem myndu fylgja húsbílastæðinu og gætu fokið um svæðið og skapað hættu. Þá nefnir hún að veðráttan í Víðidal sé ekki hentug fyrir þessa starfssemi. Þá nefnir hún að nú þegar sé áreiti það mikið að ekki sá á bætandi á það með þessum fyrirætlunum.

Guðrún Oddsdóttir tekur undir áhyggjur nöfnu sinnar. Hún spyr hvort búið sé að gera umhverfis og öryggismat fyrir svæðið. Hvort rotþrær verði á svæðinu og hvort svæðið sé ekki verndarsvæði vegna Elliðaáa. Hún hefur áhyggjur af umferð fólks af svæðinu inn í hesthúsahverfið. Hún nefnir hvort hægt sé að tengja þessar viðræður óhagstæðum lóðaleigusamningum í Víðidal.

Formaður veitir andsvör. Hann áréttar að hann geti ekki svarað fyrir Reykjavíkurborg á þessum fundi. Þetta svæði þarf að fara í skipulag og það er borgarinnar að gera það ef svæðið fæst samþykkt.

Sigurbjörg Gunnarsdóttir er eigandi hesthúss í A-tröð. Hún deilir áhyggjum þeirra sem á undan töluðu. Hún spyr stjórn hvort hún telji að félagið missi svæðið ef félagið gengur ekki að þessum samningi. Er eitthvað annað sem býðst að nota þetta svæði fyrir.

Gretar Laxdal eigandi húss í B-tröð. Hann skynjar ótta fólks við hvernig leigjendur munu nýta svæðið.

Ómar Jóhannesson eigandi húss í B-tröð. Hann spyr hvort þetta sé hjólhýsa fólkið sem var í Laugardalnum og vísar í frétt þar sem skrifað var um slæma umgengni og eiturlyfjaneyslu. Hann spyr



hver muni greiða fyrir framkvæmdir vegna fyrirhugaðs svæðis. Þá bendir hann á að Víðidalurinn sé kaldasti staðurinn í Reykjavík þegar þannig viðrar. Fram kemur í máli hans að svæðið sem til umræðu er sé ekki hentugt til slíks brúks vegna flóðahættu og annars.

Sigurbjörn Magnússon fær orðið. Samkvæmt deiliskipulagi er svæðið skilgreint íþróttasvæði fyrir félagsmenn Fáks. Hann tekur undir þær athugasemdir sem fram hafa komið og telur tilgang félagsins ekki að reka húsbílasvæði. Hér á einungis að vera með hestatengda starfsemi og á félagið að standa vörð um það. Sigurbjörn leggur fram eftirfarandi ályktun fyrir fundinn.

*Félagsfundur í hestamannafélaginu Fáki sem haldinn er þann 16. nóvember 2023, kl 20:00 í félagsheimili Fáks lýsir yfir andstöðu við drög að afnotasamningi milli Fáks og Reykjavíkurborgar, sem kynnt voru á fundinum.*

*Afnotasamningur er háður því skilyrði að rekstur húsbílasvæðis verði á hluta svæðisins sem í aðal- og deiliskipulagi er skilgreint sem athafnasvæði Fáks og íþróttasvæði hestamanna. Fundurinn telur að öll starfsemi innan þessa reits eigi að vera í þágu hestamannafélagsins Fáks, þ.e. hestatengd starfsemi sem þjóni hestaíþróttinni og hestamennsku almennt. Rekstur húsbílasvæðis samræmist hvorki þessu markmiði aðal- og deiliskipulags né tilgangi hestamannafélagsins Fáks.*

*Þá beinir fundurinn því til stjórnar félagsins að hefja vinnu við að skipuleggja þetta svæði fyrir hestatengda starfsemi og að bæta ásynd svæðisins sem er félaginu ekki til sóma.*

Pormóður Skorri tekur til máls og svarar fyrirspyrjendum. Hann veit ekki hvernig leigjendahópurinn er samsettur. Það er Reykjavíkurborgar meta svæðið með tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið og að skipuleggja svæðið ef málið fer lengra.

Birna Ólafsdóttir lýsir sinni upplifun af því að eiga hjólhýsi og er á móti þessum fyrirætlunum. Henni finnst að stjórn Fáks hefði ekki átt að bera þennan samning upp til kynningar og að hafa hafnað málinu í upphafi.

Auður Möller er húseigandi í Víðidal. Hennar upplifun af þessari kynningu er sú að það þurfi að bugta sig og beygja fyrir borginni. Hún vill að við stöndum í lappirnar og höldum þessu svæði fyrir hestamenskunna.

Dagný Bjarnadóttir vill að við nýtum svæðið betur. Í aðalskipulagi er svæðið merkt sem athafnasvæði hestamanna. Landið sé til að þjóna félagsmönnum og við eigum að skipuleggja svæðið betur.

Hjörtur Bergstað formaður svarar fyrirspyrjendum. Hann nefnir að það sé hlutverk stjórnarinnar að kynna þennan samning samkvæmt lögum félagsins hvort sem stjórn sé fylgjandi honum eða ekki. Hann segir að áhyggjur félagsmanna um að Fákur sé að fara eitthvað séu skiljanlegar en allir forsvarsmenn pólitíkurinnar í Reykjavík hafa lýst því yfir að Fákur sé ekki að fara neitt. Þá er ekkert í skipulagi sam bendir til annars en svæðið fái að vera hér um ókomna framtíð.

Kristbjörg talar um að svæðið sé óhæft fyrir húsbílasvæði þar sem áður fyrr fór þetta svæði oft á kaf og fólki sem átti hús við bakka Elliðaári var gert að flytja hús sín í Víðidal.



Jóhann Ólason hefur áhyggjur af því að borgin sé að ásælast þetta svæði og að okkur verði þrengt á næstu árum. Hann vill að Fákur fari að huga að því hvernig við ætlum að verjast slíku.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs og fundarstjóri lýkur umræðum undir þessum lið.

#### **4. Ályktun Sigurbjarnar Magnússonar er borin upp til atkvæða.**

Fundarstjóri les upp ályktun Sigurbjarnar og ber hana undir atkvæði.

*Félagsfundur í hestamannafélaginu Fáki sem haldinn er þann 16. nóvember 2023, kl 20:00 í félagsheimili Fáks lýsir yfir andstöðu við drög að afnotasamningi milli Fáks og Reykjavíkurborgar, sem kynnt voru á fundinum.*

*Afnotasamningur er háður því skilyrði að rekstur húsbílasvæðis verði á hluta svæðisins sem í aðal- og deiliskipulagi er skilgreint sem athafnasvæði Fáks og íþróttasvæði hestamanna. Fundurinn telur að öll starfsemi innan þessa reits eigi að vera í þágu hestamannafélagsins Fáks, þ.e. hestatengd starfsemi sem þjóni hestaiþróttinni og hestamennsku almennt. Rekstur húsbílasvæðis samræmist hvorki þessu markmiði aðal- og deiliskipulags né tilgangi hestamannafélagsins Fáks.*

*Þá beinir fundurinn því til stjórnar félagsins að hefja vinnu við að skipuleggja þetta svæði fyrir hestatengda starfsemi og að bæta áýnd svæðisins sem er félaginu ekki til sóma.*

Tillaga er samþykkt samhljóða af fundargestum.

#### **5. Fundarslit**

Fundarstjóri þakkar góða mætingu og málefnalegar umræður og slítur fundinum klukkan 21:20.



## Viðauki 1.

# FÉLAGSFUNDUR Í HESTAMANNAFÉLAGINU FÁKI

16. nóvember 2023 í félagsheimili Fáks



## FORSAGA

- Hestamannafélagið Fákur hefur líkt og önnur íþróttafélög samning um rekstur og viðhald reiðhallarinnar auk íþróttasvæðis Fáks.
- Styrkirnir eru skilgreindir til meðal annars íþróttastarfssemi, vallarmála og barna og unglingastarfs.
- Við síðustu endurnýjun samningsins árið 2020, sem kynntur var og samþykktur í stjórn Fáks, var bætt við samninginn að Hmf. Fákur og Reykjavíkurborg „munu kanna möguleika á að koma fyrir á svæði Fáks stæðum fyrir langtímastæði húsbíla“.
- Í haust óskaði stjórn Fáks eftir því við Reykjavíkurborg að fá borgarland sunnan tjaldsvæðis til afnota meðal annars í ljósi þess að á næsta ári er Landsmót í Víðidal.
- Fákur hefur áður sótt um varanlegan afnotasamning en fengið synjun. Einungis væri í boði tímabundinn afnotasamningur yfir Landsmót.
- Í kjölfarið óskaði Reykjavíkurborg eftir viðræðum um að Fákur fengi 10 ára afnotasamning með þeirri kvöð að Fákur myndi setja upp og reka aðstöðu fyrir að lágmarki 27 húsbíla og hjólhýsi.

## LÓÐAMÖRK Í VÍÐIDAL

- Á meðfylgjandi mynd sjást núverandi lóðamörk í Víðidal
- [Borgarvefsjá](#)



3

## HÚSBÍLASTÆÐI

- 27 bíla stæði við hliðina á núverandi kerrusvæði
- Lág mön verður milli reiðvegjar og húsbílastæðisins.
- Gróðursett verður í kringum svæðið svo sem minnst truflun verði af svæðinu.







---

## KOSTIR

&

## GALLAR

- Fákur tryggir sér afnot af borgarlandi næstu 10 árin og að engin önnur starfssemi, utan húsbíla- og hjólhýsasvæðisins, verði í dalnum.
  - Frumkostnaðaráætlun sýnir að Fákur gæti verið að fá tekjur vegna reksturs svæðisins á bilinu 5 til 10 milljónir á ári.
  - Fákur gæti skipulagt beitarhólf fyrir félagsmenn.
  - Fákur tryggir veru kerrusvæðisins
  - Lagnir eins og rafmagn, vatn og fráveita verða lögð á svæðið og nýttast á stórmótum.
  - Borgin hefur opnað á að skipuleggja svæði í Víðidal undir meiri hesthúsabyggð.
- Ótengd starfssemi verður í dalnum.
  - Fákur tekur að sér rekstur húsbíla og hjólhýsasvæðis.
  - Mögulegt ónæði næst reiðveginum.
  - Meiri umferð bílaumferð um svæðið.

10

---

## UMRÆÐUR

